



Akraneskaupstaður

---

ERINDI AKRANESKAUPSTAÐAR  
VEGNA FJÁRLAGA 2016

---

12. október 2015



# Samantekt

## Höfði, hjúkrunar og dvalarheimili á Akranesi

Bæjaryfirvöld á Akranesi leggja áherslu á að Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi sitji við sama borð og þau hjúkrunarheimili sem eru rekin sem sjálfseignarstofnanir hvað varðar lífeyrisskuldbindingar og krefjast tafarlausa leiðréttinga á lífeyrisskuldbindingum Höfða.

## Skrifstofuhúsnæði Sementsverksmiðjunnar

Bæjaryfirvöld á Akranesi telja að ríkisvaldið beri sína ábyrgð varðandi húsnæði fyrrum Sementsverksmiðju ríkisins sem stendur í miðju bæjarins og beri að taka þátt í kostnaði vegna niðurrifs og/eða endurbóta á húsnæðinu.

## Tvöföldun Vesturlandsvegur

Bæjaryfirvöld á Akranesi telja afar brýnt að ráðist verði í samgöngubætur á Vesturlandsvegi hið fyrsta. Að meðaltali aka um sex þúsund bílar á dag vegarkaflann Kollafjörður – Hvalfjarðargöng. Tvöföldun Vesturlandsvegur er forsenda fyrir öruggum samgöngum á þessu svæði.

## Lífeyrismál Akraneskaupstaðar

Það er eindregin ósk bæjaryfirvalda á Akranesi að gerð verði breyting á 3. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Með breytingunni verði sveitarfélögum heimilað að greiða upp eða upp í lífeyrisskuldbindingar með skuldabréfi frá þriðja aðila sem er með ábyrgð sveitarfélags.

## Sundabraut

Bæjaryfirvöld á Akranesi hvetja fjárlaganefnd til þess að tryggja fjármagn til að ráðast í nauðsynlega undirbúningsvinnu vegna Sundabrautar.

## Heilbrigðisstofnun Vesturlands - HVE

Bæjaryfirvöld á Akranesi hvetja fjárlaganefnd til að tryggja aukið fjármagn til sjúkrahússins á Akranesi. Tækjakost þarf nauðsynlega að endurnýja og vantar í raun tugi milljóna í þann lið. Sömuleiðis er brýn þörf á endurbótum á húsnæði sjúkrahússins.





# Greinargerð

## Höfði, hjúkrunar og dvalarheimili á Akranesi

Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili er í eigu Akraneskaupstaðar (90%) og Hvalfjarðarsveitar (10%) og er heimilið með sjálfstæða stjórn sem ræður framkvæmdastjóra. Höfði á í alvarlegum fjárhagsvanda en heimilið stefnir í um 73,2 mkr. rekstrarhalla á árinu 2015 miðað við sex mánaða uppgjör, þar af eru um 53,9 mkr. vegna lífeyrisskuldbindinga og rúmar 12,5 mkr. vegna afskrifta. Rekstrartap Höfða hefur áhrif á rekstur Akraneskaupstaðar þar sem sveitarfélögum er skylt, samkvæmt sveitarstjórnarlögum að hafa stofnanir í meirihlutaeigu sveitarfélaga undir B-hluta í ársreikningum þeirra og hefur Akraneskaupstaður fylgt þeirri reglu frá gildistöku laganna.

Helstu ástæður vandans má rekja til þess að daggjöld fyrir hjúkrunar- og dvalarrými eru of lág að mati rekstraraðila og lífeyrisskuldbindingar Höfða eru miklar. Stjórn Höfða hefur náð umtalsverðri hagræðingu í rekstri hjúkrunar- og dvalarheimilisins og einnig lagt fram fjölmargar hugmyndir um leiðir til enn frekari hagræðingar en ljóst er að vandi Höfða varðandi lífeyrisskuldbindingar kallar á aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins.

### Lífeyrisskuldbindingar

Uppreiknaðar lífeyrisskuldbindingar Höfða þann 30. júní síðastliðinn námu samtals kr. 898.242.482 og skiptust þannig:

- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga vegna lífeyrisþega í fyrrum Lífeyrissjóði starfsmanna Akraneskaupstaðar: kr. 802.999.125
- Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga: kr. 54.014.613

Á árinu 2015, tímabilið janúar til og með júní, námu greiðslur vegna hlutdeildar Höfða í lífeyrisgreiðslum eftirfarandi:

- LSS v. Lífeyrissjóðs starfsmanna Akraneskaupstaðar kr. 11.673.435
- LH kr. 963.889





Frá fyrstu tíð hafa flestir starfsmenn Höfða verið í Starfsmannafélagi Akraness, síðar Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar eftir sameiningu félaganna og átt rétt til greiðslu í Lífeyrissjóð starfsmanna Akraneskaupstaðar nú LSS.

Þann 10. júní 2014 skrifaði fjármála- og efnahagsráðuneytið undir samning við ellefu hjúkrunarheimili rekin af sjálfseignarstofnunum, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sem fól í sér yfirtöku ríkisins á nær öllum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilanna vegna starfsmanna þeirra í B-deild LSR og LH.

Samningarnir voru gerðir til að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu hjúkrunarheimila sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Fjárhæð yfirtekinna lífeyrisskuldbindinga nam tæplega sex milljörðum króna. Þar af hafði rúmlega helmingur þeirrar skuldbindingar þegar verið færður til skuldar í ríkisreikningi vegna ábyrgðar ríkissjóðs á skuldbindingum í B-deild LSR og LH.

Samhliða samkomulaginu munu hjúkrunarheimilin gera upp sinn hluta skuldbindinganna við lífeyrissjóðina jafnframt því að greiða viðbótarlífeyrissjóðsframlag vegna þeirra starfsmanna sem eru í starfi hjá viðkomandi heimili og koma þannig í veg fyrir að ný skuldbinding safnist upp.

Í samkomulagi, sem var undanfari samningsins, sem undirritað var í apríl 2014 af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, um lífeyrismál var kveðið á um að samkomulagið tæki ekki til hjúkrunarheimila sem stofnuð eru af sveitarfélögum eða rekin á ábyrgð þeirra, enda gert ráð fyrir að uppgjör skuldbindinga þeirra verði hluti heildstæðs uppgjörs ríkis og sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga.

Vísað var til meðfylgjandi bókunar vegna hjúkrunarheimilanna, en bókunin taldist hluti af samkomulaginu.

*„Með vísan til greinar 1.4. í samkomulaginu vill SFV áréttta þann eindregna vilja samtakanna að ríkið hefji í september á þessu ári viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um uppgjör lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila sem stofnuð eru af sveitarfélögum eða rekin á ábyrgð þeirra. Stefnt verði að því að ljúka þeim viðræðum efnislega fyrir mitt næsta ár enda þótt uppgjör skuldbindinganna verði hluti heildstæðs uppgjörs við sveitarfélögin.“*





Ekkert hefur gerst í þessu máli frá því í fyrra þrátt fyrir þrýsting Sambands íslenskra sveitarfélaga á að stofnaður verði viðræðuhópur á milli fjármálaráðuneytisins og sambandsins um þessi mál.

## Skrifstofuhúsnæði Sementsverksmiðjunnar

---

Akraneskaupstaður yfirtók stærstan hluta eigna og lóða Sementsverksmiðjunnar í lok desember 2013. Við bæjaryfirvöldum á Akranesi blöstu þeir kostir í stöðunni að horfa á Sementsverksmiðjuna verða gjaldþrota með tilheyrandi óvissu fyrir alla sem málið varðar eða reyna að verja hagsmuni bæjarfélagsins og íbúanna með samningum. Um er að ræða 55 þúsund fermetra svæði í hjarta bæjarins.

Kostnaður vegna skipulags og undirbúnings við að gera svæðið byggingarhæft mun falla á Akraneskaupstað. Gert er ráð fyrir að kostnaður bæjarins við niðurrif mannvirkja geti numið um 360 mkr. Ríkið seldi einkaaðilum Sementsverksmiðjuna árið 2003 og ekki náðust samningar þá við bæjaryfirvöld um að ríkið gengi frá reitnum ef starfsemi yrði hætt. Það er hins vegar alls ekki óeðlileg krafa þar sem byggð er verksmiðja af þessari stærð inn í miðju bæjarfélagi. Í öllum samningum um byggingu slíkra mannvirkja í dag eru ákvæði um skyldur eigenda til að ganga frá landsvæði ef starfsemi er hætt. Venjan er sú að þeir aðilar sem standa að byggingu slíkra mannvirkja séu með áætlun um að skila því landi sem byggt er á í sama ástandi og það var þegar tekið var við því.

Eitt þeirra húsa sem Akraneskaupstaður yfirtók af Sementsverksmiðjunni að hluta til er Mánabraut 20. Um er að ræða steipt hús á 4 hæðum með aðkomu frá Mánabraut og Faxabraut. Húsið er 1.705m<sup>2</sup>, þar af á ríkið 988.7 m<sup>2</sup> á fjórðu, þriðju og hluta annarrar hæðar. Akraneskaupstaður á 716.6 m<sup>2</sup>, á hluta annarrar hæðar og alla fyrstu hæðina. Fasteignamat hússins er 138. mkr og brunabótamat er 361.mkr. Eignarhlutur ríkis er 57% og Akraneskaupstaðar 43%. Lóðin er í eigu Akraneskaupstaðar.

Húsið var byggt árið 1957 til að þjóna sem skrifstofubygging í tengslum við starfsemi Sementverksmiðju ríkisins. Akraneskaupstaður fékk sinn eignarhlut í húsinu í tengslum við yfirtöku bæjarins á eignum og lóðarréttindum Sementverksmiðjunnar.





Starfsmenn á vegum Akraneskaupstaðar og fasteigna ríkisins hafa skoðað húsið lauslega að utan. Ljóst er að lagfæra þarf það, bæði vegg og glugga. Hluti húss sem snýr í suður er með „ÍMÚR“ klæðningu sem er mjög illa farin. Ekki hafa verið festar tölur á viðhaldskostnaðinn en ljóst að um töluverðar upphæðir gæti verið að ræða (ca. 15-30 millj.kr, án ábyrgðar). Áætlaður kostnaður vegna niðurrifs er áætlaður um 23 mkr.

Tekjur Akraneskaupstaðar af húsinu eru vegna fasteignagjalda af eignarhluta ríkisins en þau eru um 1.3 mkr. á ári.

Það er ljóst að að taka þarf ákvörðun um notkun hússins og endurbætur eða niðurrif. Akraneskaupstaður telur sanngjarnt að ríkið taki þátt í þeim kostnaði sem til fellur vegna þess.

## Tvöföldun Vesturlandsvegur

Samkvæmt þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2022 sem samþykkt var 19. júní 2012 er gert ráð fyrir að hafist verði handa við framkvæmdir á kaflanum „*Þingvallavegur – Kollafjörður*“ á þriðja tímabili áætlunarinnar (2019 – 2022) og áætlaður kostnaður kr. 2,5 milljarðar. Einnig er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við kaflann „*Kollafjörður – Hvalfjarðarvegur*“ á sama tímabili og áætluð fjárhæð 500 mkr. en heildarkostnaður er metinn á kr. 3,1 milljarður. Ef þessar áætlanir gengju eftir yrði kafli Vesturlandsvegur frá Mosfellsbæ að Hvalfjarðargöngum 2+1 vegur (sbr. Hellsheiði).

Í þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018, sem lögð var fram af innanríkisráðherra á 144. löggjafarþingi en var ekki afgreidd, var ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum á vegakaflanum á tímabilinu. Áfram voru því áætlaðar framkvæmdir á árabílinu 2019 til 2022 á vegaköflunum *Þingvallavegur-Kollafjörður og Kollafjörður-Hvalfjarðarvegur sbr. hér að framan* en einungis 20% af þeim fjármunum sem kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdin í heild kosti. Í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 18. júní síðastliðinn kemur eftirfarandi fram um Vesturlandsveginn:

*„Þá komu fram sjónarmið fyrir nefndinni að huga þyrfti að endurbótum á Vesturlandsvegi að Borgarnesi þar sem um umferðarpungann veg væri að ræða og kaflinn á Kjalarnesi gæti verið mjög erfiður þegar illa viðrar. Á veginum getur einnig*





*skapast mikil hættu við framúrakstur þar sem um einbreiðan veg er að ræða. Mikilvægt er að aðskilja akstursstefnur. Vegurinn er ekki á samgönguáætlun nú en meiri hlutinn bendir á að meta þurfi hvort vegurinn komi inn við endurskoðun haustið 2016“.*

Ekki er búið að leggja fram þingsályktunina að nýju á 145. löggjafarþinginu en samkvæmt 2. gr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2008 verður slíkt gert. Að mati bæjaryfirvalda á Akranesi er afar brýnt að ráðist verði í samgöngubætur á Vesturlandsvegi hið fyrsta. Að meðaltali aka um sex þúsund bílar á dag vegarkafinn Kollafjörður – Hvalfjarðargöng . Fjöldi ökutækja sem keyrði í gegnum Hvalfjarðargöng í júlí 2015 voru rúmlega 8.600 á dag. Tvöföldun Vesturlandsvegur er því forsenda fyrir öruggum samgöngum á þessu svæði.

## Lífeyrismál Akraneskaupstaðar

---

### Forsaga málsins er varðar Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður gaf út skuldabréf á Orkuveitu Reykjavíkur árið 2011 vegna láns til Orkuveitunnar að upphæð um 442 milljónir króna. Í fjárhagsáætlunum Akraneskaupstaðar fyrir árið 2011 hafði verið gert ráð fyrir að greitt væri inn á lífeyrisskuldbindingu kaupstaðarins. Því fjármagni var ráðstafað til Orkuveitunnar vegna tímabundinna erfiðleika sem nú horfir til mun betri vegar sem kunnugt er. Við útgáfu skuldabréfsins til Orkuveitunnar var strax tekin sú stefna að það yrði notað sem innborgun á lífeyrisskuldbindingu Akraneskaupstaðar. Þegar færa átti skuldabréfið, sem er flokkað sem óskráð skuldabréf, yfir til lífeyrissjóðsins sem greiðslu upp í lífeyrisskuldbindingu kom í ljós að lagaskilyrði heimiluðu ekki að það væri gert.

Í því sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á að í lögum um lífeyrisskuldbindingar er þegar undanþága, sbr. 3. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða, varðandi skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa tekið við vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laganna. Skuldabréf Reykjavíkurborgar varð til við sölu hluta Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun á sínum tíma. Með hliðsjón af jafnræðisreglu hlýtur það sama að gilda um skuldabréf sem eru með sveitarfélagsábyrgð og skuldabréf sem eru með ríkisábyrgð. Fordæmið er því þegar til staðar. Undanþágugreinin er svohljóðandi:

*„Skuldabréf skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur tekið við, svo og skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur*





*tekið við, vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.“*

### Frumvarp á 141. löggjafarþingi – samþykkt sem lög 19. desember 2013

Á 141. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp, þingskjal 1089 – 625. mál, um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frumvarpið náði ekki fram að ganga þá en var lagt fram að nýju á 143. löggjafarþingi í óbreyttri mynd og varð að lögum 19. desember 2013. Breytingin sem um ræðir varðar 36. gr. laganna en bætt var nýrri málsgrein sem heimilar launagreiðendum að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar sínar með útgáfu skuldabréfa sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og samhliða því heimild viðkomandi sjóðs til viðtöku og eignar á slíkum skuldabréfum óháð takmörkunum 36. gr. að öðru leyti.

Greinin er svohljóðandi:

*„Nú greiðir launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags, með því að gefa út skuldabréf sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum þessarar greinar.“*

Framangreint ákvæði heimilar ekki sveitarfélögum að nýta sér skuldabréf frá þriðja aðila sem er með **ábyrgð sveitarfélags** til að greiða upp eða upp í skuldbindingu sína. Tillaga Akraneskaupstaðar að orðalagi nú 12 mgr. 36. gr. laganna er eftirfarandi:

*„Nú greiðir launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags, með því að gefa út **eða greiða** með skuldabréfi sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum þessarar greinar.“*

Í þessu felst að greiði launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, með útgáfu skuldabréfs og/eða greiði með skuldabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, en njóta ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga í samræmi við samþykktir, verði sjóðnum heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum 36. gr.

Að mati Akraneskaupstaðar er ákvæðið í fullu samræmi við þær forsendur sem settar eru fram í greinargerð með lögnum sem rök fyrir upptöku ákvæðisins og jafnframt er þá gætt jafnræðis







við fyrirbyggjandi fordæmi sem að framan er getið um í 3. mgr. ákvæðis III varðandi skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa tekið við vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laganna.

## Sundabraut

---

Ekkert liggur fyrir um tímasetningar vegna Sundabrautar en lagning hennar myndi þýða verulegar samgöngubætur fyrir Akurnesinga sem og aðra landsmenn. Bæjaryfirvöld styðja heilshugar að skoðað verði að setja framkvæmdina í einkaframkvæmd en athygli vekur að ekki er áætlað neitt fjármagn vegna nauðsynlegrar undirbúningsvinnu s.s. gerð umferðarspár sem óhjákvæmilegt er að ráðist verði í óháð fjármögnunarleið sem valin verður.

## Heilbrigðisstofnun Vesturlands - HVE

---

Með flutningi viðhaldsmála til Fasteigna ríkissjóðs, nú Ríkiseigna 1. janúar 2010, urðu mikil umskipti hvað varðar reglulegt og eðlilegt viðhald. Skilningur er af hálfu Ríkiseigna að gera þurfi átak í endurbótum húsnæðis á Akranesi, það sé skynsamlegt ef horft er til hagkvæmni í rekstri og að með endurbótum færist þjónustan til nútímalegs horfs. Verkefnið sé hinsvegar svo viðamikið að ekki verði ráðið við það innan þess ramma sem Ríkiseignum er búinn. Því þurfi aukalegt fjármagn að koma til. Nú er þetta enn á réttað og leitað til fjárlaganefndar að tekið verði tillit til þessa og að nefndin beiti sér ákveðið fyrir því að Ríkiseignir fái skilgreinda fjárupphæð til ráðstöfunar svo hægt verði að hefja framkvæmdir við úrbætur þegar á árinu 2016. Til þess að hefja verkefnið er fjárþörf til viðbótar metin að upphæð 200 milljónir króna. Sjúkrahúsið er afkastamikil stofnun en um 2.300 sjúklingar leggjast þar inn á hverju ári og skurðaðgerðir, bæði stórar og smáar eru samtals um 4.500 talsins.

Aðstæður í húsnæðismálum stofnunarinnar á Akranesi eru og hafa um árabil verið þannig að þær vinna að ýmsu leyti gegn skilvirkum og hagkvæmum rekstri frá degi til dags og kalla jafnvel á aukinn mannafla til þjónustu. Að mati stjórnenda miða allar þær endurbótatillögur sem fyrir liggja að því eina marki að gera húsakost þannig úr garði að hann megi betur þjóna hlutverki sínu en áður og það beinlínis haft í huga.





Í viðræðum við ráðuneyti hin síðari misseri hefur áfram verið vakin athygli á bágu ástandi innan dyra. Niðurstaða síðustu viðræðna varð sú að fulltrúar stofnunarinnar legðu fram sína tillögu um framtíðarskipan húsnæðis sem hægt yrði að byggja á við væntanlegar endurbætur. Þetta hefur nú verið gert. Fyrir liggja tillögur sem unnar hafa verið í samvinnu fagfólks stofnunarinnar á Akranesi og arkitekta. Þá hefur verið rætt við þingmenn kjördæmisins sem þekkja málavöxtu. Handlækningadeild á 2. hæð og lyflækningadeild á 3. hæð ásamt skiptistofu, speglana- og göngudeild á 1. hæð eru staðsett í miðhúsi byggingasamstæðu stofnunarinnar, í svonefndu C húsi. Þessar einingar eru afar illa á sig komnar, hafa ekki fengið gagngert viðhald í um fjóra áratugi og svara ekki lengur eðlilegum kröfum og því álagi sem á stofnuninni er.

Eins og kunnugt er, þá er aðstaða til móttöku sjúklinga sem koma til stofnunarinnar með sjúkrabifreið afar frumstæð. Fólk er flutt úr og í sjúkrabíla undir berum himni en hringvindar eru tíðir í porti við húsið. Regn og snjór feykist fram af flötu þaki og gengur yfir sjúklinga þegar svo viðrar. Þetta er önuget og nokkuð áhættusamt fyrir skjólstaðinga stofnunninnar og varasamt verðmætum tækjum sem tengjast sjúklingum. Fjöldi aðkoma í gegnum nefndan stað er um 1.700 á ári. Gera má ráð fyrir að flutningum fjölgi með stöðugt vaxandi sjúklingaflæði af starfssvæði stofnunarinnar og á milli LSH og HVE. Tæplega finnast sambærilegar aðstæður við sjúkrastofnun á Íslandi með umsvif á borð við það sem gerist á Akranesi.

Æskilegt er að unnið verði að tilgreindum endurbótaverkefnum eins hratt og skipulega og aðstæður leyfa. Lagt er til að verkum verði þó skipt niður á þrjú tímabil. Ljóst er að ekki verður auðvelt að vinna að þessum framkvæmdum meðfram óskertri starfsemi sem þó er markmiðið. Nauðsynlegt er því að taka tillit til viðkvæmrar þjónustu allt framkvæmdatímabilið og sæta lagi. Bent er á að E deildarálman getur nýst sem legurými að hluta til framkvæmdatímabilið.

Virðingarfyllt

f.h. Akraneskaupstaðar

Regina Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri